

Úrræðalisti Þingeyjarsveitar



Fyrsta stigs þjónusta og úrræði farsældar

Fyrsta stigs þjónusta farsældar í grunn- og leikskólum Þingeyjarsveitar er þrepaskipt. Þrepin eru þrjú og hverju þrepi tilheyrja sérstök úrræði.

Grunnskólar sveitarfélagsins – nám og kennsla - Þrep 1

Á fyrsta þrepi er allt það sem tilheyrir hefðbundnu skólstarfi.

<i>Þrep</i>	<i>Heiti úrræðis</i>	<i>Stutt lýsing á úrræði/starfsemi</i>
1	Frí námsgögn, skólamáltíðir og skólaakstur	Allir nemendur í grunnskólum sveitarfélagsins fá frí námsgögn, gjaldfrjálsar skólamáltíðir og skólaakstur.
1	Jákvæður agi	Skólar sveitarfélagsins vinna eftir uppeldisstefnunni jákvæður agi. Þar falla m.a. undir bekkjarfundir, lausnahringur og lausnastaður.
1	Námsframboð og valgreinar	Í skólum sveitarfélagsins er boðið upp á fjölbreytt námsframboð þar sem unnið er út frá stefnunni um skóla án aðgreiningar og áhersla lögð á einstaklingsmiðun. Einnig er boðið upp á valgreinar á unglíngastigi þar sem áhersla er lögð á að nemendur velji greinar sem höfða til áhugasviðs.
1	Skólahjúkrunarfræðingur	Allir nemendur í grunnskólum sveitarfélagsins geta fengið viðtal við skólahjúkrunarfræðing.
1	Tónlistarnám	Í skólum sveitarfélagsins eru starfræktir tónlistarskólar þar sem nemendum gefst kostur á að sinna tónlistarnámi samhliða grunnskólanáminu.
1	Gegn einelti	Unnið er markvisst gegn einelti og samkvæmt ferlum þar sem einelti er ekki liðið frekar en annað ofbeldi.
1	Tékklisti	Kennarar og starfsfólk skólanna hafa aðgang að tékklista sem hefur að geyma hugmyndir að fjölbreyttum úrræðum og nálgunum í kennslu með það að markmiði að veita nemendum einstaklingsmiðaðar nálgangir í náminu.
1	Litlir námshópar	Fáir nemendur eru í hverjum námshóp.

Grunnskólar sveitarfélagsins – skimanir og úrræði - Þrep 1

Skimanir í hefðbundnu skólastarfi.

<i>Þrep</i>	<i>Heiti úrræðis</i>	<i>Stutt lýsing á úrræði/starfsemi</i>
1	Lesfimi	Skimun sem metur leshraða (sjálfvirkni og nákvæmni) lögð fyrir alla árganga þrisvar sinnum á ári.
1	Matsrammi á lestrarlagi	Rammann nota kennarar til að meta tjáningu, hljómfall og mótun hendinga (flæði) í lestrinum fyrir nemendur 3.-10. bekkjar.
1	Lesferill	Skimun lögð fyrir 1. bekk í október ár hvert þar sem metinn er málþroski, þekking á bókstöfum/hljóðum, hljóðkerfisvitund og hljóðavitund.
1	Stafakönnun	Könnun lögð fyrir 1. bekk að hausti.
1	Orðarún	Skimun sem metur lesskilning. Lögð fyrir nemendur 3.-8. bekkjar tvisvar sinnum á ári.
1	Lesmál	Skimun úr Byrjendalæsi sem lögð er fyrir 2. bekk í apríl sem gefur vísbendingar um lestrarerfiðleika.
1	Logos forskimun	Lögð fyrir nemendur 3., 6. og 9. bekkjar sem á þarf að halda í framhaldi af niðurstöðum Lesfimi- og Orðarúnarskimunar.
1	GPR (Greinandi ritmálspróf)	Lagt fyrir nemendur 9. bekkjar í september og gefur vísbendingu um lestrar- og athygliserfiðleika.
1	Talnalykilsskimun	Lögð fyrir nemendur 3. og 6. bekkjar sem sýna veikleika í talnaskilningi. Skimunin kortleggur styrk- og veikleika nemenda í viðfangsefnum stærðfræðinnar.
1	Líðan- og tengslakannanir	Kannanir lagðar fyrir 1.-10. bekk a.m.k. tvisvar sinnum á ári til að meta félagslega stöðu nemenda.
1	Lífsstílsviðtal og hæðar- og þyngdarmæling	Skólahjúkrunarfræðingur sér um viðtöl og mælingar hjá nemendum 1., 4., 7. og 9. bekkjar.

Grunnskólar sveitarfélagsins – skimanir og úrræði- þrep 2

Sértæk stuðningsúrræði og greiningar fyrir nemendur sem á þurfa að halda. Flest úrræði á þrepi 2 eru í boði innan skólanna en sum eru sótt til sérfræðinga utan skóla og fara þá beiðnir í gegnum skólaþjónustu sveitarfélagsins.

<i>þrep</i>	<i>Heiti úrræðis</i>	<i>Stutt lýsing á vanda</i>	<i>Í skóla/utan skóla</i>
2	Logos lesblindugreining	Greining á lesblindu.	Í skóla (skólaþjónusta)
2	WISC	Námsfærnimat lagt fyrir af skólasálfræðingi.	Í skóla (skólaþjónusta)
2	Forgreiningar á ADHD og einhverfu	Forgreiningar sem skólasálfræðingur leggur fyrir.	Í skóla (skólaþjónusta)
2	TOLD-2P og TOLD-2I	Málþroskamat lagt fyrir af talmeinafræðingi	Utan skóla (BJ).
2	Málhljóðapróf þM	Framburðarmat lagt fyrir af talmeinafræðingi	Utan skóla (BJ).
2	Hljóðfærni	Greinandi próf fyrir 1. bekk sem metur frávík í hljóðkerfisvitund og metur nemendur í áhættuhópi fyrir lestrarerfiðleika.	Í skóla.
2	Skynúrvinnslumat	Matið er lagt fyrir af iðjuþjálfra.	Utan skóla (t.d Bjarg).
2	Hreyfiþroskapróf	Prófið metur hreyfifærni nemenda. Lagt fyrir af íþróttakennara.	Í skóla.
2	Á milli mála skimun	Lögð fyrir tvítyngda nemendur til að meta stöðu þeirra í íslensku	Í skóla.
2	Sjónpróf	Mat á sjón nemenda. Lagt fyrir af skólahjúkrunarfræðingi.	Í skóla.
2	Ráðgjöf í kjölfar greininga	Skólasálfræðingur veitir foreldrum, kennurum og nemendum ráðgjöf eftir að niðurstaða greininga liggur fyrir.	Í skóla (skólaþjónusta)
2	Einstaklingsáætlun	Kennarar og sérkennarar útbúa einstaklingsáætlun fyrir nemendur sem þurfa sértækan stuðning. Áætlunin er unnin í samstarfi við foreldra.	Í skóla.
2	Einstaklingsnámskrá	Kennarar og sérkennarar útbúa einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem glíma við námerfiðleika og hafa ekki tök á að fylgja námsmarkmiðum bekkjarins. Námskráin er unnin í samstarfi við foreldra.	Í skóla.

2	Aðlögun stundaskrár og náms	Kennarar og sérkennarar aðlaga stundaskrár og námið að þörfum nemenda sem glíma við námerfiðleika. Í þeirri vinnu hafa þeir aðgang að Tékklista sem hefur að geyma margskonar hugmyndir að útfærslum til að koma sem best til móts við hvern nemanda fyrir sig.	Í skóla.
2	Sérkennsla	Sérkennari annast sérkennslu nemenda sem glíma við námserfiðleika. Kennslan fer ýmist fram inn í skólastofu eða í námsveri.	Í skóla.
2	Stuðningur í bekk	Stuðningsfulltrúar annast stuðning í skólastofum. Stuðningurinn er ýmist í formi einstaklingsstuðnings eða stuðning fyrir námshópin í heild sinni.	Í skóla.
2	ÍSAT	Sérkennari annast íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.	Í skóla.
2	Félagsfærniþjálfun (ART)	Skólasálfræðingur og/eða sérkennari sinna félagsfærniþjálfun nemenda sem á þurfa að halda. ART þjálfarar þurfa að fara á réttindanámskeið til að nýta aðferðina.	Í skóla (skólapjónusta)
2	CAT kassinn	Hugræn tilfinningaleg þjálfun er aðferð til að hafa áhrif á og skipuleggja samræður manna á milli um hugsanir, tilfinningar og hegðun. Þjálfunina annast skólasálfræðingur eða sérkennari sem farið hafa á réttindanámskeið.	Í skóla (skólapjónusta)
2	Þjónustuteymi nemenda	Þjónustuteymi eru mynduð utan um nemendur sem þarfnast þétts og góðs utanumhalds í náminu. Hugmyndin sem að baki liggur er að allir þeir sem vinna náíð með barni og eru í daglegum samskiptum við það mynda teymi sem hittist reglulega, fara yfir stöðuna og ákveða í sameiningu næstu skref í málefnum barns. Sérkennslustjóri/aðili úr stoðteymi heldur utan um teymið en í því sitja að auki foreldrar, umsjónarkennari, stuðningsfulltrúi (ef það á við) og barnið sjálf. Ef þörf er þátttöku fleiri þjónustuaðila utan skólans geta foreldrar óskað eftir samþættingu hjá tengiliði viðkomandi skóla.	Í skóla.

2	Beanfee	Hugbúnaður til atferlisþjálfunar. Verkfæri til aðstoðar fyrir kennara í vinnu með hegðunarerfiðleika nemenda.	Mögulegt að kaupa aðgang fyrir skólana – í athugun vor 2026.
---	---------	---	--

Leikskólar sveitarfélagsins – skimanir og úrræði - þrep 1

Skimanir í hefðbundnu skólastarfi.

<i>þrep</i>	<i>Heiti úrræðis</i>	<i>Stutt lýsing á úrræði/starfsemi</i>
1	TRAS	Skráningarlisti til að fylgjast með máltöku og félagsþroska tveggja til fimm ára barna. Leikskólakennarar fylla út og fylgjast með.
1	MÍÓ	Skimunarefni í stærðfræði fyrir leikskóla. Leikskólakennarar leggja fyrir.
1	HLJÓM-2	Skimun sem metur hljóðkerfis- og málvitund elsta árgangs í leikskóla. Leikskólakennarar leggja fyrir.

Leikskólar sveitarfélagsins – skimanir og úrræði - þrep 2

Sértæk stuðningsúrræði og greiningar fyrir nemendur sem á þurfa að halda. Flest úrræði á þrepi 2 eru í boði innan skólanna en sum eru sótt til sérfræðinga utan skóla og fara þá beiðnir í gegnum skólalþjónustu sveitarfélagsins.

<i>þrep</i>	<i>Heiti úrræðis</i>	<i>Stutt lýsing á úrræði/starfsemi</i>	<i>Í skóla/Utan skóla</i>
2	Íslenski þroskalistinn	Mat foreldra á þroska 3-6 ára barna, lagt fyrir af deildarstjóra eða skólasálfræðingi.	Í skóla (skólalþjónusta)
2	Smábarnalistinn	Mál- og hreyfilþroskamát fyrir 15-38 mánaða börn. Lagt fyrir af skólasálfræðingi.	Í skóla (skólalþjónusta)
2	TOLD-2P og TOLD-2I	Málþroskamát lagt fyrir af talmeinafræðingi	Utan skóla (BJ)
2	Málhljóðapróf ÞM	Framburðarmát lagt fyrir af talmeinafræðingi	Utan skóla (BJ)
2	Forgreiningar á ADHD og einhverfu	Forgreiningar sem skólasálfræðingur leggur fyrir.	Í skóla (skólalþjónusta)

2	Ráðgjöf í kjölfar greininga	Skólasálfræðingur veitir foreldrum, kennurum og nemendum ráðgjöf eftir að niðurstaða greininga liggur fyrir.	Í skóla (skólapjónusta)
2	Skynúrvinnslumat	Matið er lagt fyrir af iðjuþjálfra.	Utan skóla (t.d Bjarg)
2	WPPSI	Námsfærnimat fyrir börn á leikskólaaldri.	Í skóla (skólapjónusta)
2	LANIS	<p>Skimunarlisti sem metur frávík í tali og málþroska þriggja ára barna. Foreldrar og leikskólakennarar fylla listann út. Markmiðið er að bera kennsl á börn sem eiga í erfiðleikum með að tjá sig og læra tungumál svo hægt sé að veita þeim markvissa örvun í tæka tíð.</p> <p>Tilgangur LANIS er að bera tímanlega kennsl á börn sem þurfa stuðning í málþroska til að draga úr neikvæðum áhrifum á síðari lestrartileikun, námsframvindu, félagsfærni og líðan.</p> <p>Með notkun á LANIS gefst okkur líka tækifæri að fá upplýsingar um stöðu á heimamáli fjöltyngdra barna og getum borið það saman við færni barnsins í íslensku</p>	Væntanlegt frá MMS vor 2025
2	EFI-2	Málþroskaskimun fyrir börn á 4. Ári, metur stöðu barns í málskilningi og máltjáningu. RGR býður upp á réttindanámskeið fyrir starfsfólk.	Í skóla.
2	Aðlögun stundaskrár og náms	Kennarar og sérkennarar aðlaga stundaskrár og námið að þörfum nemenda sem glíma við námerfiðleika. Í þeirri vinnu hafa þeir aðgang að Tékklista sem hefur að geyma margskonar hugmyndir að útfærslum til að koma sem best til móts við hvern nemanda fyrir sig.	Í skóla.
2	Sérkennsla	Sérkennari annast sérkennslu nemenda sem glíma við námserfiðleika. Kennslan fer ýmist fram inn í skólastofu eða í námsveri.	Í skóla.
2	Samskiptabækur og reglulegir samráðsfundir með foreldrum	Fyrir börn sem á þurfa að halda.	Í skóla.
2	Beanfee	Hugbúnaður til atferlisþjálfunar. Verkfæri til aðstoðar fyrir kennara í vinnu með hegðunarerfiðleika nemenda.	Mögulegt að kaupa aðgang fyrir skólana – í athugun vor 2026.

Grunn- og leikskólar sveitarfélagsins – sértæk stuðningsúrræði- Þrep 3

Á þriðja þrepi eru sértæk stuðningsúrræði sem m.a. eru byggð á greiningum af fyrri þrepum. Úrræðin beinast að einstaklingum og eru aðlöguð að þörfum hvers og eins og bætast við úrræði á fyrri þrepum.

<i>Þrep</i>	<i>Heiti úrræðis</i>	<i>Stutt lýsing á úrræði/starfsemi</i>	<i>Í skóla/utan skóla</i>
3	Einstaklingskennsla	Einstaklingskennsla í kjölfar niðurstaða úr greiningum. Sérkennari eða stuðningsfulltrúi (með aðstoð kennara/sérkennara) annast kennsluna þar sem áhersla er á að mæta nemandanum þar sem hann er staddur og styðja sem best við hann í náminu.	Í skóla
3	Regluleg viðtöl við sálfræðing	Skólasálfræðingur annast viðtölin. Ef hann metur þörf á frekari meðferð bendir hann foreldrum/forráðamönnum á sálfræðiúrræði utan skólans.	Í skóla (skólaláttunusta)/utan skóla.
3	Sértæk stoðtæki og tölvubúnaður	Lögð er áhersla á að koma sem best til móts við nemendur sem þarfnast sértækra stoðtækja og tölvubúnaðar í námi sínu.	Í skóla/utan skóla.

Úrræði fyrir nemendur og foreldra/forráðamenn utan skólans – fyrsta stigs úrræði

<i>Heiti úrræðis</i>	<i>Stutt lýsing á úrræði/starfsemi</i>	<i>Umsjón</i>
Svefnfræðsla fyrir foreldra grunnskólabarna	Fræðsla ætluð foreldrum og umsjónaraðilum barna á grunnskólaaldri. Sérstök áhersla er lögð á börn á aldrinum 6-12 ára en þó er einnig rætt um skjánotkun, koffínneyslu og dægursveiflur unglunga á grunnskólaaldri. Fræðslan er á myndbandi og tekur um eina klukkustund.	Geðheilsumiðstöð barna

Námskeið um uppeldi barna með ADHD	Tólf klukkustunda námskeið þar sem foreldrar frá fræðslu um áhrif ADHD á tilveru barna og kynningu á uppeldisaðferðum sem henta börnum með þessa eða tengdar raskanir. Boðið er upp á stað- og fjarnámskeið. Verð: 4000 kr.	Geðheilsumiðstöð barna
Fræðsla fyrir foreldra einhverfra barna og unglunga	Mánaðarleg fræðsla, ýmist á staðnum eða í fjarkennslu á TEAMS. Skráning á vef Geðheilsumiðstöðvar barna og er foreldrum að kostnaðarlausu.	Geðheilsumiðstöð barna
Ertu að tengja? Uppeldi, tengsl og foreldrahlutverkið	Námskeið ætlað foreldrum 1-5 ára barna. Bæði í boði stað- og fjarnámskeið. Verð: 4000 kr.	Geðheilsumiðstöð barna
Lífsbrunnur	Fjarþjónusta: Iðjuþjálfun (skynúrvinnslumat), Peers félagsfærninámskeið (165.000 kr.) og námskeið fyrir lesblinda (198.000 kr.).	www.idjuthjalfun.is Netfang: gudrun@idjuthjalfun.is Símanúmer: 822-0910
PEERS námskeið	Námskeið í félagsfærni fyrir börn og ungmenni með einhverfu, ADHD, þunglyndi og/eða aðra félagslega erfiðleika. Námskeiðið spannar 14 vikur þar sem hópur barna/unglinga hittist vikulega. Hópur fyrir foreldra hittist samhliða. Markmið námskeiðsins er að kenna börnum árangursríkar leiðir til að eignast vini og halda þeim.	Boðið er upp á fjarnámskeið (https://felagsfaerni.is) en einnig er Þingeyjarsveit í samstarfi við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar um þátttöku á staðnámskeiði (kostnaður 175.000)
PMTO - foreldrafærninámskeið	Námskeið fyrir foreldra og aðra sem koma að uppeldi barna. Á námskeiðinu fá þátttakendur verkfæri til að takast á við hegðunarerfiðleika barna og unglunga.	Þingeyjarsveit er í samstarfi við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar um þátttöku á staðnámskeiði.
Snillingarnir	Námskeið fyrir 8-12 ára gömul börn með ADHD.	Þingeyjarsveit er í samstarfi við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar um þátttöku á staðnámskeiði.
Klókir krakkar	Námskeið fyrir kvíðin börn á aldrinum 10-12 ára.	Þingeyjarsveit er í samstarfi við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar um þátttöku á staðnámskeiði.
Klókir litlir krakkar	Námskeið fyrir foreldra varkárna og kvíðinna barna á aldrinum 3-9 ára.	Þingeyjarsveit er í samstarfi við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar um þátttöku á staðnámskeiði.

„Haltu kúlinu“	Námskeið fyrir kvíðna unglinga á aldrinum 13-16 ára.	Þingeyjarsveit er í samstarfi við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar um þátttöku á staðnámskeiði.
Samvinna eftir skilnað	Um er að ræða ráðgjöf, til að koma í veg fyrir og/eða til að draga úr ágreiningi foreldra sem standa í skilnaði eða hafa gengið í gegnum skilnað og vilja stuðla að betri foreldrasamvinnu með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.	Þingeyjarsveit er í samstarfi við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar um þátttöku á staðnámskeiði.
FLIKK- foreldranámskeið á netinu	Frítt námskeið fyrir foreldrar barna á aldrinum 5-12 ára sem kljást við kvíða. Foreldrum eru kenndar aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar sem þeir nýta í vinnu með börnum sínum.	Námskeið á netinu sem kemur út fljótlega.
Bergið Headspace	Gjaldfrjálst stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungmenni á aldrinum 12-25 ára. Hægt er að fá viðtal við fagaðila sem kortleggur vanda, veitir stuðning, fræðslu og ráðgjöf um þjónustu í samfélaginu.	Í boði á Akureyri eða í gegnum fjarfundarbúnað. www.bergid.is
Hjálparsími 1717 og netspjall	Gjaldfrjálst úrræði þar sem þjálfari og reynslumiklir sjálfboðaliðar á öllum aldri sjá um að svara þeim símtölum sem 1717 berast. Hægt er að hafa samband vegna alls þess sem liggur á hjarta og fá sálfræðilegan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi.	Rauðikrossinn Hjálparsími: 1717 www.1717.is
Sjúktspjall	Nafnlaust netspjall fyrir ungmenni til að ræða áhyggjur af samböndum sínum, samskiptum og/eða ofbeldi. Spjallið er gjaldfrjálst og í boði fyrir ungmenni yngri en 20 ára.	https://sjukast.is
Einhverfusamtökin	Starfsemi samtakanna beinist m.a. að því að bæta þjónustu við einhverfa, standa vörð um lögbundin réttindi þeirra og stuðla að fræðslu um málefni fólks á einhverfurófi. Samtökin bjóða m.a. upp á fræðslu, hópstarf og upplýsingar um réttindi.	www.einhverfa.is Símanúmer: 562-1590/862-1590
Geðhjálp	Gjaldfrjáls þjónusta fyrir fólk með geðraskanir og aðstandendur þeirra. Boðið er upp fjarviðtöl í gegnum Kara Connect.	www.gedhjalp.is
Landsteymi	Starfar á grunni nýrra farsældarlaga og samþættingu í þágu farsældar barna. Hjá landsteyminu geta börn, foreldrar og	www.landsteymi.is

	starfsfólk skóla á öllum skólastigum fengið stuðning og ráðgjöf um úrræði, leiðir og lausnir þvert á kerfi.	
ADHD samtökin	<p>Markmið samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum. Samtökin bjóða m.a. upp á eftirfarandi námskeið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ADHD og ég – strákar 10-12 ára (helgarnámskeið) verð 39.000 kr. • ADHD og ég – stelpur 10-12 ára (helgarnámskeið) verð 39.000 kr. • ADHD og ég – 13-15 ára (helgarnámskeið) verð 39.000 kr. • Aðstandendanámskeið 6-12 ára barna með ADHD (eins dags stað- og fjarnámskeið) – verð 29.000 kr. • Aðstandendanámskeið 13-18 ára unglunga með ADHD (eins dags námskeið bæði í boði á staðnum og í streymi) verð 29.000 kr. 	<p>www.adhd.is Símanúmer: 581-1110</p>
Foreldrahús	Fjölskylduráðgjöf, foreldrahópar og foreldranámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglunga og stuðningsmeðferð fyrir ungmenni í vímuefnavanda. Foreldahús sinnir m.a. eftirfarandi þjónustuverkefnum: Gjaldfrjáls áfengis- og vímuefnaráðgjöf fyrir börn sem eru í áhættu fyrir fíkti eða í neyslu vímuefna og foreldra þeirra. Vímuefnaráðgjöfin leitast við að styðja og styrkja foreldra í foreldrahlutverkinu á erfiðum tíma.	<p>www.foreldrahus.is Símanúmer á skrifstofutíma: 511-6160 Neyðarsímanúmer eftir lokun: 581-1799</p>
Sjónarhóll	Ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir á Íslandi. Tilgangurinn með þjónustunni er að börn og fjölskyldur þeirra geti nýtt sér almenna lögbundna þjónustu og komist í samband við önnur úrræði sem geta gagnast þeim. Áhersla er lögð á að	<p>www.sjonarholl.is Símanúmer: 535-1900</p>

	fræða og hjálpa foreldrum að greina þarfir sínar og barns, efla og nýta eigin bjargráð með því að styðja þau að sjálfstæði.	
Hugarfrelsi	<p>Stendur fyrir ýmiss konar fræðslu, námskeiðum og fyrirlestrum þar sem börnum, unglingum, foreldrum og fagfólki er kennt að nota einfaldar aðferðir til að efla sjálfsmynd og vellíðan. Sem dæmi má nefna námskeiðin:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Netnámskeiðið VELDU: fyrir ungmenni sem vilja efla sjálfsmynd sína og vellíðan, draga úr kvíða og ýta undir jákvætt hugarfar. Verð: 19.900 kr. • Helgarnámskeið Veldu: fyrir unglunga í 8.-10. bekk. Áhersla lögð á að kenna aðferðir sem hjálpa ungmönnum að efla sig og styrkja svo þau eigi auðveldara með að fylgja eigin hjarta og vera sátt við sig. Verð: 24.900 kr. • Kátir krakkar- helgarnámskeið með foreldri fyrir börn í 1.-3. bekk þar sem áhersla er lögð á aðferðir til að efla sjálfsmyndina í gegnum leik, gleði og núvitund til að auka vellíðan. Verð: 17.900 kr. 	https://hugarfrelsi.is
KVAN	<p>Í boði er margs konar námskeið, fyrirlestrar, markþjálfun og einstaklingsþjálfun fyrir ungmenni og fullorðna. Námskeið hjá KVAN miða að því að ná markmiðum, takast á við hindranir og auka sjálfstraust. Dæmi um námskeið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sumarámskeið fyrir 8-10 ára: Tveggja vikna námskeið þar sem áhersla er lögð á að efla börn til að takast á við félagslegar aðstæður sem upp koma í þeirra lífi. Verð: 40.000 kr. • Sumarnámskeið fyrir 11-13 ára: Tveggja vikna námskeið þar sem áhersla er lögð á að efla börn til að takast á við félagslegar aðstæður sem upp koma í þeirra lífi. Verð: 40.000 kr. 	https://kvan.is Símanúmer: 519-3040

Aflið	Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi. Starfsemin byggir á forsendum þolenda kynferðislegs ofbeldið og/eða heimilisofbeldis. Þjónustan er staðsett á Akureyri.	www.aflidak.is Símanúmer: 461-5959
Bjarmahlíð	Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Boðið er upp á ráðgjöf og upplýsingar fyrir einstaklinga frá 16 ára aldri sem hafa verið beittir ofbeldi. Einstaklingsviðtöl og ráðgjöf er í boði svo og tenging við aðra þjónustu sem er til staðar. Staðsett á Akureyri en einnig eru fjarviðtöl í boði.	www.bjarmahlid.is Símanúmer: 551-2520
Grófin Geðrækt	Grófin Geðrækt starfar samkvæmt hugmyndafræði valdeflingar, þar sem áhersla er lögð á að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin bata og að öll vinna fari fram á jafningjagrunni. Markmið Grófarinnar er m.a. að skapa tækifæri fyrir þá sem glíma við geðraskanir til að vinna í sínum bata. Staðsett á Akureyri.	https://grofinak.is/ Símanúmer: 462-3400
HIN- Hinsegin Norðurland	Samtök sem beita sér fyrir réttindum og sýnileika hinsegin fólks á landsbyggðinni, einkum á Norðurlandi.	www.hinsegin.net
Að setja mörk í lífi og starfi	12 klukkustunda fjarnámskeið (4 dagar) þar sem þátttakendum er kennt að setja mörk í samskiptum. Fræðsla, umræður, verkefni, sjálfsskoðun og persónuleg markmið sem unnið er með á milli námskeiðsdaga. Verð: 55.000. Réttur úr fræðslusjóði hjá flestum stéttarfélagum.	www.starfsleikni.is Skráning: steinunn@starfsleikni.is Símanúmer: 697-8397
Heilsu- og sálfræðiþjónustan Akureyri	Almenn sálfræðiþjónusta er veitt á faglega breiðum grunni fyrir börn og fullorðna.	Sími: 830-3930 Netfang: mottaka@heilsaogsa.is
Kristján Gunnar-sálfræðistofa á Húsavík	Sálfræðiþjónusta þar sem unnið er með börnum, aðstandendum, ungmennum og fullorðnu fólki ásamt skólum og öðrum stofnunum.	Netfang: kristjan@kgsal.is
Sálfræðiþjónusta Norðurlands á Akureyri	Almenn sálfræðiþjónusta með áherslu á meðferðum við kvíða, reiði, þráhyggju og árátta, depurð, svefnvanda og skólaforðun.	Vefsíða: www.salfraedithjonusta.is
Túlkþjónusta	Þingeyjarsveit leggur áherslu á að veita öllum íbúum góða þjónustu og sinna leiðbeininga- og upplýsingaskyldu. Lögð er áhersla á að tryggja að fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins. Ávallt skal hafa túlk þegar þörf er á og/eða notandi óskar eftir því. Þjónustan er að kostnaðarlausu fyrir viðkomandi.	

Annars stigs þjónusta og úrræði farsældar

Á öðru stigi er sérhæfð og einstaklingsmiðuð þjónusta fyrir börn sem þurfa mikla aðstoð og stuðning. Málastjóri úr félagsþjónustu er yfir málum á öðru stigi.

Þingeyjarsveit er með samning við félagsþjónustu Norðurbings og eru mál á öðru stigi unnin í samvinnu og undir stjórn félagsþjónustu Norðurbings.

Annars stigs þjónusta og úrræði m.a.	Lýsing á þjónustu og úrræði	Tilvísunaraðili
Geðheilsuteymi HSN	Meðferðarteymi sem veitir annars stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn að 18 ára aldri og fjölskyldur þeirra í heilbrigðisumdæmi Norður- og Austurlands. Í teyminu starfa sálfræðingar, læknir, félagsráðgjafi og heilbrigðisgagnafræðingur. Teymið sinnir mati, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga.	Heimilislæknir Hjúkrunarfræðingur Félagsþjónusta Barnaverndarþjónusta Skólasálfræðingur Skjólahljúkrunarfræðingur
Geðheilsumiðstöð barna	Annars stigs geðheilbrigðisþjónusta á landsvísu fyrir fjölskyldur með börn frá meðgöngu að 18 ára aldri. Miðstöðin sinnir greiningum, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og ungmenna ásamt því að styðja við tengslamyndun foreldra og barna frá 0-5 ára.	Heimilislæknir Hjúkrunarfræðingur Félagsþjónusta Barnaverndarþjónusta Skólasálfræðingur

Greiningar á öðru stigi m.a.	Greiningaraðili	Tilvísunaraðili
ADHD- fullnaðargreiningar	Geðheilsumiðstöð barna	Skólasálfræðingur
Einhverfa - fullnaðargreiningar	Geðheilsumiðstöð barna og Ráðgjafar – og greiningarstöð ríkisins.	Skólasálfræðingur
Þroskaraskanir	Ráðgjafar – og greiningarstöð Ríkisins.	Skólasálfræðingur Geðheilsumiðstöð barna Heimilislæknir
Geðraskanir	Barnageðlæknir og sálfræðingar.	Geðheilsuteymi HSN Skólasálfræðingur Skjólahljúkrunarfræðingur Heimilislæknir

Þriðja stigs þjónusta og úrræði farsældar

Á þriðja stigi er veitt þjónusta fyrir börn með flókinn, fjölpættan vanda og mikla þjónustu- og umönnunarþörf. Hér er um að ræða langveik og fötluð börn, börn sem glíma við alvarlega hegðunarerfiðleika eða geðrænan vanda sem og börn í slæmum félagslegum aðstæðum. Undir þriðja stigið falla barnaverndarmál og flóknari mál sem krefjast aðkomu teymis innan barnaverndarþjónustu, t.d. tilsjón inn á heimili, fósturúrræði o.fl. Þingeyjarsveit er með samning við félagsþjónustu Norðurlands og er aðili að Barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra.